



Fundargerð

6. fundur Fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Þriðjudaginn 12. desember 2023, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Karl Ölvirsson, Óskar Ólafsson, Sævar Jónsson, Kristín Hreinsdóttir, Valtýr Valtýsson og Jón Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Kostnaður vegna fjallskila og tillaga um álagningu fjallskila 2023 - 2312001

Lagt fram kostnaðaryfirlit vegna fjallskila á Holtamannafrétti árið 2023.

Heildarkostnaður vegna leita: kr. 4.955.098 sem er um 5,6% hækkun frá fyrra ári. Af þeim kostnaði er hlutur Ásahrepps 4/7: kr. 2.831.485 og hlutur Rangárþings ytra 3/7: kr. 2.123.613.

Lögð fram tillaga fjallskiladeildar Holtmannafréttar að álagningu fjallskila vegna ársins 2023 sem byggist á verðbreytingu gjalda frá síðasta ári skv. neysluverðsvisitölu:

Gjald fyrir land verði kr. 16.755
Gjald fyrir rekna kind verði kr. 380
Gjald fyrir ásett fé: kr. 380

Samþykkt samhljóða og óskað eftir staðfestingu sveitarstjórna Ásahrepps og Rangárþings ytra.

2. Uppgræðsla á Holtamannafrétti - 2212014

Ísleifur Jónasson gerir grein fyrir uppgræðslustarfi á Holtamannafrétti sumarið 2023.

Ísleifur gerði grein fyrir dreifingu tilbúins áburðar og kjötmjöls á Holtamannafrétti árið 2023. Skv. samningi við Landsvirkjun þá var dreift 24 tonnum af tilbúnum áburði vegna mótvægisáðgerða Sporðöldulóns, en jafnframt var dreift 60 tonnum af kjötmjöli í haust.

Fundi slitið kl. 16:40.

Ísleifur Jónasson
Karl Ölvirsson
Óskar Ólafsson
Sævar Jónsson
Kristín Hreinsdóttir
Valtýr Valtýsson

Ísleifur Jónsson

Ísleifur Jónsson

Karl Ölvirsson

Karl Ölvirsson

Óskar Ólafsson

Óskar Ólafsson

Sævar Jónsson

Sævar Jónsson

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson

Jón Valgeirsson

Jón Valgeirsson